



F U N D A R G E R Ð Sorpurðunar Vesturlands hf.

**Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands, haldinn á
skrifstofu SSV, föstudaginn 11. mars 2011
kl. 11:30.**

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf., haldinn á Hótel Hamri, 11. mars kl. 11:30. Mætt voru: Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður, Kristinn Jónasson, varaformaður, Sigriður Gróa Kristjánsdóttir, Arnheiður Hjörleifsdóttir, Bergur Porgeirsson, og Sigriður Finsen. Sæmundur Viglundsson boðaði forföll.

Formaður, Guðbrandur Brynjúlfsson, bauð fundarmenn velkomna og gekk til dagskráar.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Undirbúnингur aðalfundar
2. Samningar við sveitarfélög á Vestfjörðum
3. Hagsmunagæsla í úrgangsmálum.
4. Samráðsnefnd sorpsamlaganna á SV horninu.
5. Fundargerðir.
6. Önnur mál.

1 Undirbúnингur aðalfundar

Farið yfir tillögur sem stjórn gerir til aðalfundar.

Endurskoðendur félagsins hafa tekið tillit til athugasemda stjórnar og er ársreikningur samþykktur samhljóða.

2 Samningar við sveitarfélög á Vestfjörðum

Lögð fram drög að samningum við sveitarfélögini á Vestfjörðum varðandi urðun í Fíflholtum. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningum við sveitarfélögini.

3 Hagsmunagæsla í úrgangsmálum.

Bókun varðandi reglugerð um meðferð og nýtingu á slátur og dýraleifum nr. 881/2010.

Lögð fram bókun verkefnisstjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi nýtingu sláturleifa. Það verklag sem viðhaft hefur verið við setningu reglugerðarinnar er með öllu óásættanlegt. Stjórn SV tekur undir bókun sambandsins.

Sorpbrennslustöðvar

Lögð fram gögn varðandi sorpbrennslur og erindi sambandsins er varðar endurskoðun aðlögunar við tilskipun um brennslu úrgangs.

4 Samráðsnefnd sorpsamlaganna á SV horninu.

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir vinnu samráðsnefndar. Helstu verkefni sem eru að vinna að sameiginlegu litakerfi við úrgangssöfnun. Unnið era ð því að endurmetsa það sorpmagn sem til fellur á svæðinu því griðarleg breyting hefur orðið á magni sorps í kjölfar hrunsins. Því er nú unnið að endurskoðun á því talnaefni um úrgang á Suðvesturlandi sem fram kom í svæðisáætlun 2009-2020.

Vinna er í gangi við að framkvæma forathugun á kostnaði við að byggja upp gasgerðarstöð í Álfsnesi og að kanna fýsileika þess að setja upp gasgerðarstöðvar á landsbyggðinni. Tilgangur með gasgerðarstöðvum er að minnka urðun á lífrænum úrgangi í samræmi við svæðisáætlun en í svæðisáætlun er gert ráð fyrir að byggðar verði upp gasgerðarstöðvar á Suðurlandi, Vesturlandi og á Reykjanesi í framhaldi af uppbyggingu í Álfsnesi. Forsenda gas- og moltugerðarstöðvar hlýtur þó að vera trygging fyrir afsetningu afurðarinnar.

Sérfræðingahópur er að störfum við að meta forsendur fyrir framleiðslu á brenni en brenni samanstendur af léttu plasti, pappír, textíl, svampi, tróði og öðru þess háttar sem tætt hefur verið niður og brennur með hreinni bruna en flest annað eldsneyti.

5 Fundargerðir.

- a. Samráðsnefnd sorpsamlaganna 23.02.2011.
- b. Verkefnisstjórn um aukna hagsmunagæslu á sviði úrgangsmála 11.02.2011.
- c. Fulltrúar tæknideilda sveitarfélaganna fundur um hirðu á flokkuðu sorpi.

Lagðar fram.

6 Önnur mál.

a. WEEE recast. Parliament's plenary vote.

Lögð fram gögn.

b. MUNISIPAL WASTE EUROPE


Lagðar fram fundargerðir.


c. Brusselserð framkvæmdastjóra. P2P program.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ferð sinni til Brussel þar sem hún sat námskeið um „Advocating for a better policy of waste management“ Námskeiðið var halddið fyrir fulltrúa landa sem eru í umsóknaraðildarferli til Evrópusambandsins. Flestir þátttakendur komu frá Balkanlöndunum. Einungis var einn þátttakandi frá Íslandi.

Fundarmenn þökkuðu Guðbrandi sérstaklega samstarfið í gegnum árin en hann hverfur nú úr stjórn félagsins. Sigríður Finsen og Sigríður Gróa þökkuðu samstarfið í gegnum árin. Guðbrandur þakkaði einnig samstarfið og sérstaklega góð kynni. Sérstaklega þakkaði Kristinn, Sigríði Gróu samstarfið en Sigríður hefur verið í stjórn frá stofnun fyrirtækisins. Aðrir fundarmenn tóku undir það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:55 Fundarritari: Hrefna B. Jónsdóttir


Hrefna B. Jónsdóttir
Sigríður Finsen
Sigríður Gróa


Ambær Hölviki
Bengt Þorsteinsson
Sigríður Gróa Pálsson